



UPPLÝSINGARIT

SEÐLABANKA ÍSLANDS

Nr. 1.3

Væntingakönnun markaðsaðila

Seðlabanki Íslands hóf könnun á væntingum markaðsaðila til helstu hagstærða, þ.m.t. verðbólguvæntinga, á árinu 2012. Könnunin nýtist Seðlabankanum við framkvæmd peningastefnunnar og í rannsóknum en niðurstöðurnar eru markaðsaðilum og almenningi aðgengilegar. Svör einstakra þátttakenda eru trúnaðarmál.

26. janúar 2015

Útgefandi:

Sedlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Sími: 569 9600, símbref: 569 9605

Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is

Veffang: www.sedlabanki.is

Ritstjórn:

Rannveig Sigurðardóttir

Gerður Ísberg

Harpa Jónsdóttir

Tómas Örn Kristinsson

1.3. rit janúar 2015

Vefrit

ISSN 2251-5682

Öllum er frjálst að nota efni úr *Upplýsingaritinu* en þess er óskað að getið sé heimildar.

Merking tákna:

- * Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

Væntingakönnun markaðsaðila¹

1. Inngangur

Þegar kemur að framkvæmd framsýnnar peningastefnu og rannsóknnum skiptir máli að hafa góðan mælikvarða á verðbólguvæntingar. Capacent Gallup framkvæmir tvær kannanir á verðbólguvæntingum fyrir Seðlabankann, annars vegar meðal heimila og hins vegar meðal stærstu fyrirtækja landsins. Oft er mikið ósamræmi á milli niðurstaðna þessara kannana og þeirra verðbólguvæntinga sem lesa má af skuldabréfamarkaði. Í þeim tilgangi að öðlast betri sýn á væntingar markaðsaðila ákvað Seðlabankinn í ársbyrjun 2012 að hefja reglulega könnun meðal markaðsaðila um væntingar til nokkurra hagstærða, þar á meðal verðbólguvæntinga. Það er von bankans að niðurstöðurnar muni gefa góða mynd af væntingum markaðsaðila til verðbólgu þannig að hægt verði að sundurgreina verðbólguvæntingar af skuldabréfamarkaði í raunverulegar verðbólguvæntingar annars vegar og áhættuálög hins vegar.

Væntingakönnun markaðsaðila er stöðugt í þróun og því geta spurningar breyst eða nýjar spurningar bæst við auk þess sem breyting getur orðið á þátttakendahópi. Í viðauka 3 er að finna yfirlit breytinga á spurningum og þátttakendalista frá því að könnunin var fyrst framkvæmd.

2. Um verðbólguvæntingar og notkun þeirra

Verðbólguvæntingar eru yfirleitt metnar með greiningu á vaxtarófi á markaði og með beinum spurningakönnunum en Seðlabanki Íslands hefur notast við báðar ofangreindar aðferðir.

Með því að reikna eingreiðsluvaxtaferla fyrir óverðtryggð og verðtryggð skuldabréf má reikna út verðbólguvæntingar miðað við svokallað verðbólguálag (e. breakeven inflation) út frá jöfnu Fisher sem segir að nafnvextir séu jafnir raunvöxtum að viðbættum verðbólguvæntingum. Einfaldasta form Fisher-jöfnunnar tekur hins vegar ekki tillit til þátta eins og áhættuálaga vegna verðbólgu, seljanleika og lánstíma svo fáein dæmi séu nefnd og veldur það bjögun á mati raunverulegra verðbólguvæntinga. Útreikningar á vaxtarófinu geta einnig verið bjagaðir vegna ýmissa þátta eins og framboðs- og eftirspurnaráhrifa og því hversu grunnur íslenski skuldabréfamarkaðurinn er. Ef mat á vaxtarófinu er bjagað mun það skila sér í bjögun á reiknuðum verðbólguvæntingum.

Tvær spurningakannanir sem ná til verðbólguvæntinga eru framkvæmdar af Capacent Gallup fyrir Seðlabankann. Önnur kannar verðbólguvæntingar heimila en hin væntingar 400 stærstu fyrirtækja landsins. Í báðum könnunum er spurt um verðbólguvæntingar til eins og tveggja

1. Seðlabankinn þakkar þátttakendum rýnifunda sem haldnir voru haustið 2011 fyrir gagnlegar ábendingar og umræður.

ára. Þátttakendur í þessum könnunum hafa hins vegar oft litla sem enga aðkomu að skuldabréfamarkaði sem rýrir notagildi niðurstaðna þegar rýna á í verðbólguvæntingar reiknaðar út frá eingreiðsluvaxtaferlum.

3. Væntingakönnun markaðsaðila

Vonast er til að væntingakönnun meðal markaðsaðila á skuldabréfamarkaði gefi betri mynd af raunverulegum verðbólguvæntingum en verðbólguálagið. Fyrirmyndir könnunarinnar eru kannanir sem framkvæmdar eru víða af seðlabönkum en þær helstu eru *Survey of professional forecasters* (SPF) kannanir Seðlabanka Bandaríkjanna og Seðlabanka Evrópu. Í SPF-könnunum er leitað til greiningaraðila og fagspáaðila og væntingar þeirra til þróunar ýmissa hagstærða á komandi tímabili kannaðar.

Þar sem greiningaraðilar og fagspáaðilar eru fáir á Íslandi var ákveðið að leita frekar til breiðari hóps markaðsaðila til að stækka úrtak könnunarinnar. Þátttakendur eru því rekstrarfélög, greiningardeildir, tíu stærstu lífeyrissjóðirnir, verðbréfamiðlanir og fyrirtæki sem hafa starfsleyfi til eignastýringar. Vænlegast er að þátttakendur hjá þessum aðilum séu þeir sem taka kaup- og söluákvæðanir eða stýra eignasöfnum þar sem gera má ráð fyrir að þeir hafi töluverðra hagsmuna að gæta og séu því líklegir til að hafa vel mótaðar væntingar um þróun helstu hagstærða. Lista yfir þá aðila sem boðið hefur verið að taka þátt í könnuninni má finna í viðauka 2.

Væntingakönnun markaðsaðila skiptist í þrjú hluta, væntingar til skamms tíma, væntingar til langs tíma og álit á taumhaldi peningastefnu Seðlabanka Íslands. Skammtímaspurningarnar kanna væntingar um þróun ýmissa stærða næstu 2 ár á meðan langtímaspurningarnar snúa að væntingum til allt að 10 ára. Dæmi um væntingakönnun Seðlabankans má finna í viðauka 1.

Væntingar til skamms tíma

Fyrsti hluti könnunarinnar snýr að væntingum til skamms tíma og inniheldur fjórar spurningar. Í fyrstu tveimur er spurt um væntingar þátttakenda til verðbólgu, gengis krónunnar, vaxta Seðlabankans og til skammtímanafn- og raunvaxta eftir 12 og 24 mánuði. Spurt er um ársbreytingu vísitölu neysliverðs eftir 12 og 24 mánuði, þ.e. ársverðbólgu eftir eitt og tvö ár í sama mánuði og könnunin er lögð fyrir. Í spurningunni um gengi krónunnar er spurt um væntingar þátttakenda til gengis evru gagnvart krónu, þ.e. hversu margar krónur ein evra kostar.

Liðirnir sem snúa að vöxtum Seðlabanka Íslands taka mið af veðlánavöxtum Seðlabankans, þ.e. nafnvöxtum á lánum gegn veði í verðbréfum til 7 daga, eftir 12 og 24 mánuði. Með skammtímanafn- og raunvöxtum er átt við nafnvexti ríkisskuldabréfa með 1 árs líftíma annars vegar og raunvexti verðtryggðra skuldabréfa, útgefin af ríkissjóði eða Íbúðalánasjóði með 1 árs líftíma hins vegar, eftir 12 og 24 mánuði.

Í þriðju spurningu fyrsta hlutans er þátttakandinn spurður hver hann telur að ársverðbólga verði að meðaltali í hverjum ársfjórðungi rúmt ár fram í tímann. Hér er átt við breytingu á vísitölu neysliverðs milli meðaltals á viðkomandi ársfjórðungi og meðaltals á sama ársfjórðungi ári áður. Fyrsti dálkur spurningarinnar inniheldur mælda verðbólguálagið síðasta ársfjórðungs.

Að lokum er spurt hverjir þátttakandinn telur að veðlánavextir Seðlabanka Íslands verði í lok hvers ársfjórðungs rúmt ár fram í tímann. Hér er því verið að spyrja um stöðu vaxta á lokadegi hvers ársfjórðungs. Eins og í þriðju spurningu er staðan í lok síðasta ársfjórðungs gefin.

Væntingar til langs tíma

Annar hluti könnunarinnar telur þrjár spurningar. Í hverri þeirra er spurt hvað þátttakandinn telji að ársverðbólga verði að meðaltali yfir mismunandi tímabil þar sem ársverðbólga er skilgreind á sama hátt og í fyrri hluta könnunarinnar. Í fyrstu spurningunni, sem snýr að væntingum um meðaltal næstu fimm ára er einnig spurt um væntingar um skammtímanafn- og raunvexti.

Í seinni tveimur spurningunum er spurt um væntingar um meðaltal næstu 10 ára og næstu fimm ár eftir fimm ár, þ.e. að meðaltali frá ári 6 til 10. Sé því spurt á árinu 2015 er átt við meðaltal árána 2020 til 2025. Til viðbótar við væntingar um verðbólgu er spurt um langtímanafn- og raunvexti en þar er átt við nafnvexti óverðtryggðra ríkisskuldabréfa með 10 ára líftíma og raunvexti verðtryggðra skuldabréfa útgefin af ríkissjóði eða Íbúðalánasjóði með 10 ára líftíma.

Álit á taumhaldi peningastefnu Seðlabanka Íslands

Í þriðja hluta könnunarinnar eru þrjár spurningar. Í þeirri fyrstu er spurt um álit þátttakenda á taumhaldi peningastefnu Seðlabanka Íslands á þeim tíma sem könnunin er lögð fyrir. Með taumhaldi peningastefnunnar er átt við stöðu vaxta Seðlabankans miðað við markmið hans um að halda verðbólgu að jafnaði sem næst 2½%. Svarmöguleikarnir eru „Alltof laust“, „Of laust“, „Hæfilegt“, „Of þétt“ og „Alltof þétt“ og þýðir hæfilegt taumhald að vextir Seðlabankans séu hæfilegir til að ná markmiði hans innan ásættanlegs tíma. Of laust (þétt) taumhald þýðir að vextir bankans eru of lágir (háir) til að ná markmiðinu innan ásættanlegs tíma.

Í hinum tveimur spurningum þriðja hlutans er annars vegar spurt hvað þátttakandi telji að taumhald peningastefnunnar verði í lok næsta ársfjórðungs og hins vegar hvað það verði að ári liðnu. Svarmöguleikar eru þeir sömu og í fyrstu spurningu hlutans.

Sértækar spurningar

Í lok könnunarinnar er stök spurning sem getur tekið breytingum á milli kannana. Spurningin er ekki bundin við ákveðið efni heldur snýr hún að málefnum sem Seðlabankinn telur mikilvæg fyrir rannsóknir og framkvæmd peningastefnunnar. Lista yfir spurningar sem lagðar hafa verið fyrir má finna í viðauka 4.

4. Framkvæmd væntingakönnunar Seðlabankans

Væntingakönnun Seðlabankans er framkvæmd fjórum sinnum á ári og er lögð fyrir í vikunni fyrir hverja útgáfu *Peningamála* eða um miðjan hvern ársfjórðung. Almennt er könnunin send út á mánudegi og rennur svarfrestur út á miðvikudegi. Ef mikilvæg gögn, t.d. vísitala neysluverðs, eru birt í vikunni fyrir *Peningamál* er framkvæmdartímanum seinkað þar til eftir gagnabirtingu. Með stuttum svartíma er reynt að

koma í veg fyrir að nýjar upplýsingar séu birtar meðan á svarfrestinum stendur og þannig tryggjt að allir þátttakendur séu að svara út frá samþærilegum upplýsingum.

Könnunin er framkvæmd rafrænt þannig að þátttakendur fá sendan tölvupóst sem inniheldur hlekk á netsvæði þar sem könnuninni er svarað. Farið er með svör einstakra þátttakenda sem trúnaðarmál en Seðlabankinn mun hafa aðgang að einstaka svörum í þeim tilgangi að flokka þau eftir þátttakendum og fylgjast með þátttöku.

Niðurstöður könnunarinnar eru síðan birtar á vef Seðlabankans samkvæmt birtingaráætlun um hagtölur. Niðurstöðurnar innihalda meðaltal og miðgildi svara við hverri spurningu könnunarinnar auk staðalfráviks svara í hverju tilfalli. Niðurstöðurnar eiga því að geta gefið glögga mynd af væntingum markaðsaðila.

5. Samantekt

Það er von Seðlabankans að könnunin eigi góðan hljómgrunn meðal þátttakenda og að þeir sjái hag sinn í að taka þátt. Þekking á væntingum markaðsaðila, til viðbótar væntingum heimila og fyrirtækja, getur skipt miklu máli við rannsóknir og greiningu innan Seðlabankans. Reynslan hefur sýnt að ýmsir vankantar eru á mælingum á væntingum heimila og fyrirtækja og því skiptir máli að fá einnig svör um væntingar markaðsaðila þar sem þeir hafa raunverulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

Þessar upplýsingar geta verið gagnlegar fyrir markaðsaðilana sjálfa þar sem birting niðurstaðna könnunarinnar gerir þeim kleift að staðsetja væntingar sínar innan úrtakshópsins. Einnig gefa niðurstöðurnar markaðsaðilum, rétt eins og Seðlabankanum, frekari upplýsingar um raunverulegar verðbólguvæntingar markaðsaðila umfram það sem lesa má úr vaxtarófinu. Könnunin er því kærkomin viðbót við núverandi væntingamælingar og nýtast jafn vel utan bankans sem innan.

Viðauki 1

Væntingakönnun markaðsaðila

1. ársfjórðungi 2015

Fyrri hluti: Væntingar til skamms tíma:

1. Hver er þín skoðun á stöðu eftirfarandi stærða eftir 12 mánuði?

Hagstærð	Eftir 12 mánuði
Ársverðbólga	
Gengi krónu gagnvart evru	
Veðlánavextir Sí	
Skammtímanafnvextir	
Skammtímaraunvextir	

Nánari útskýring:

- Ársverðbólga: 12 mánaða breyting vísitölu neysluverðs eftir 12 mánuði, þ.e. breyting vísitölu neysluverðs eftir 12 mánuði miðað við líðandi mánuð.
- Gengi evru gagnvart krónu: hversu margar krónur ein evra kostar eftir 12 mánuði.
- Veðlánavextir Sí: veðlánavextir Seðlabanka Íslands til 7 daga (nafnvextir á lánum gegn veði í verðbréfum til 7 daga) eftir 12 mánuði.
- Skammtímanafnvextir: nafnvextir óverðtryggðra ríkisskuldabréfa með 1 árs líftíma eftir 12 mánuði.
- Skammtímaraunvextir: raunvextir verðtryggðra skuldabréfa útgefin af ríkissjóði eða Íbúðalánasjóði með 1 árs líftíma eftir 12 mánuði.

2. Hver er þín skoðun á stöðu eftirfarandi stærða eftir 24 mánuði?

Hagstærð	Eftir 24 mánuði
Ársverðbólga	
Gengi evru gagnvart krónu	
Veðlánavextir Sí	
Skammtímanafnvextir	
Skammtímaraunvextir	

Nánari útskýring:

- Ársverðbólga: 12 mánaða breyting vísitölu neysluverðs eftir 24 mánuði, þ.e. breyting vísitölu neysluverðs eftir 24 mánuði miðað við sama mánuð ári áður.
- Gengi evru gagnvart krónu: hversu margar krónur ein evra kostar eftir 24 mánuði.
- Veðlánavextir Sí: veðlánavextir Seðlabanka Íslands til 7 daga (nafnvextir á lánum gegn veði í verðbréfum til 7 daga) eftir 24 mánuði.
- Skammtímanafnvextir: nafnvextir óverðtryggðra ríkisskuldabréfa með 1 árs líftíma eftir 24 mánuði.
- Skammtímaraunvextir: raunvextir verðtryggðra skuldabréfa útgefin af ríkissjóði eða Íbúðalánasjóði með 1 árs líftíma eftir 24 mánuði.

3. Hver telur þú að ársverðbólga verði að meðaltali í hverjum ársfjórðungi?

2014Q4	2015Q1	2015Q2	2015Q3	2015Q4	2016Q1
1,3%					

Nánari útskýring:

- Hér er átt við breytingu á vísitölu neysluverðs milli meðaltals á viðkomandi ársfjórðungi og meðaltals á sama ársfjórðungi ári áður.

4. Hverjir telur þú að veðlánavextir Seðlabanka Íslands verði í lok hvers ársfjórðungs?

2014Q4	2015Q1	2015Q2	2015Q3	2015Q4	2016Q1
5,25%					

Nánari útskýring:

- Hér er átt við nafnvexti á lánum gegn veði í verðbréfum til 7 daga í lok hvers ársfjórðungs.

Annar hluti: Væntingar til langs tíma**5. Hverjar telur þú að hagstærðirnar verði að meðaltali næstu 5 ár?**Hagstærð *Að meðaltali til 5 ára*

Ársverðbólga

Skammtímanafnvextir

Skammtímaraunvextir

Nánari útskýring:

- Ársverðbólga: ársbreyting vísitölu neysluverðs að meðaltali næstu 5 ár.
- Skammtímanafnvextir: nafnvextir óverðtryggðra ríkiskuldabréfa með 1 árs líftíma að meðaltali næstu 5 ár.
- Skammtímaraunvextir: raunvextir verðtryggðra skuldabréfa útgefin af ríkissjóði eða íbúðalánasjóði með 1 árs líftíma að meðaltali næstu 5 ár.

6. Hverjar telur þú að hagstærðirnar verði að meðaltali næstu 10 ár?Hagstærð *Að meðaltali til 10 ára*

Ársverðbólga

Langtímanafnvextir

Langtímaraunvextir

Nánari útskýring:

- Ársverðbólga: ársbreyting vísitölu neysluverðs að meðaltali næstu 10 ár.
- Langtímanafnvextir: nafnvextir óverðtryggðra ríkiskuldabréfa með 10 ára líftíma að meðaltali næstu 10 ár.
- Langtímaraunvextir: raunvextir verðtryggðra skuldabréfa útgefin af ríkissjóði eða íbúðalánasjóði með 10 ára líftíma að meðaltali næstu 10 ár.

7. Hverjar telur þú að hagstærðirnar verði að meðaltali næstu 5 ár eftir 5 ár?Hagstærð *Til 5 ára eftir 5 ár*

Ársverðbólga

Langtímanafnvextir

Langtímaraunvextir

Nánari útskýring:

- Ársverðbólga: ársbreyting vísitölu neysluverðs að meðaltali næstu 6 - 10 ár.
- Langtímanafnvextir: nafnvextir óverðtryggðra ríkiskuldabréfa með 10 ára líftíma að meðaltali næstu 6 - 10 ár.
- Langtímaraunvextir: raunvextir verðtryggðra skuldabréfa útgefin af ríkissjóði eða íbúðalánasjóði með 10 ára líftíma að meðaltali næstu 6 - 10 ár.

Þriðji hluti: Taumhald peningastefnu Seðlabanka Íslands²**8. Hvert álitur þú taumhald peningastefnunnar vera um þessar mundir?**

Alltof laust Of laust Hæfilegt Of þétt Alltof þétt

9. Hvert telur þú að taumhald peningastefnunnar verði í lok næsta ársfjórðungs?

Alltof laust Of laust Hæfilegt Of þétt Alltof þétt

10. Hvert telur þú að taumhald peningastefnunnar verði að ári liðnu (þ.e. í sama fjórðungi á næsta ári)?

Alltof laust Of laust Hæfilegt Of þétt Alltof þétt

Nánari útskýring:

- Með taumhaldi peningastefnunnar er átt við stöðu vaxta Seðlabankans miðað við markmið hans um að halda verðbólgu að jafnaði sem næst 2½%.
- Hæfilegt taumhald þýðir að vextir Seðlabankans eru hæfilegir til að ná markmiði hans innan ásættanlegs tíma.
- Of laust (þétt) taumhald þýðir að vextir eru of lágir (háir) til að ná markmiði Seðlabankans innan ásættanlegs tíma.

2. Fyrst spurt við framkvæmd væntingakönnunarinnar á öðrum ársfjórðungi 2012.

Viðauki 2

Þátttakendalisti

Rekstrarfélög

- GAM management
- Íslandssjóðir hf.
- Júpíter rekstrarfélag hf.
- Landsvaki hf.
- Stefnir hf.
- Virðing

Greiningardeildir

- Analytica
- Greiningardeild Arion banka
- Greiningardeild Íslandsbanka
- Hagfræðideild Landsbankans
- IFS

Lífeyrissjóðir (10 stærstu)

- Almenni lífeyrissjóðurinn
- Festa lífeyrissjóður
- Frjálsi lífeyrissjóðurinn
- Gildi lífeyrissjóður
- Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
- Lífeyrissjóður verslunarmanna
- Sameinaði lífeyrissjóðurinn
- Stafir lífeyrissjóður
- Stapi lífeyrissjóður
- Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Verðbréfamiðlanir og fyrirtæki með starfsleyfi til eignastýringar

- H.F. Verðbréf
- Íslensk verðbréf hf.
- Íslenskir fjárfestar ehf.
- Straumur IB hf.
- Eignastýringarsvið Arion banka
- Eignastýring Íslandsbanka
- Eignastýring Landsbankans
- Eignastýring MP banka
- Arctica finance hf.
- Jöklar verðbréf hf.

Aðalmiðlarar ríkisbréfa³

- Arion banki
- MP banki
- Íslandsbanki
- Landsbankinn
- Straumur IB hf.

3. Boðin þátttaka fyrir framkvæmd könnunar á öðrum ársfjórðungi 2012.

Viðauki 3

Yfirlit yfir breytingar frá fyrstu framkvæmd

2012: Annar ársfjórðungur

- Aðalmiðlurum ríkisbréfa og markaðsviðskiptum viðskiptabankanna boðin þátttaka í væntingakönnun markaðsaðila.
- Spurningum bætt við um mat á núverandi taumhaldi peningastefnunnar og mat á taumhaldi hennar í lok næsta ársfjórðungs og að ári liðnu (spurningar 8-10).

2013: Þriðji ársfjórðungur

- Svartímabil stýtt úr mánudegi til föstudags í mánudag til miðvikudags.

2013: Fjórði ársfjórðungur

- Orðalagi spurninga 8-10 var breytt. Valmöguleikum breytt úr „Mjög laust“, „Laust“, „Hæfilegt“, „Þétt“ eða „Mjög þétt“ í „Allt of laust“, „Of laust“, „Hæfilegt“, „Of þétt“ eða „Alltof þétt“.

2014: Fyrsti ársfjórðungur

- Markaðsviðskipti viðskiptabankanna tekin út úr þátttakendahópi.

2014: Annar ársfjórðungur

- Sértek spurning bætist við aftast í könnunina. Spurningin getur tekið breytingum milli kannana og er ekki bundin við ákveðið efni heldur snýr hún að málefnum sem Seðlabankinn telur mikilvæg fyrir rannsóknir og framkvæmd peningastefnunnar. Lista yfir þær spurningar sem lagðar hafa verið fyrir má finna í viðauka 4.

2015: Fyrsti ársfjórðungur

- Spurningum um langtímanafn- og raunvexti eftir 12 og 24 mánuði og að meðaltali næstu fimm ár skipt út fyrir spurningar um skammtímanafn- og raunvexti.

Viðauki 4

Sértækar spurningar

2014: Annar ársfjórðungur

- Ef þú væntir þess að verðbólgan verði ekki í verðból gumarkmiði Seðlabankans í spurningu 7, þ.e. að ársverðbólga verði ekki 2,5% að meðaltali næstu 5 ár eftir 5 ár, hverja telur þú vera meginástæðu þess að Seðlabankinn nái ekki að viðhalda verðbólgu í markmiði bankans til langs tíma litið? Svarmöguleikar: „Hann hefur ekki vilja til þess“, „Hann er ófær um það sökum ytri skilyrða“, „Hann er ófær um það sökum skorts á getu“, „Annað“.

2014: Þriðji ársfjórðungur

- Hvaða innlenda raunvaxtastig til lengri tíma myndi að þínu mati leiða til þess að framleiðsla þjóðarbúsins væri í takt við langtíma framleiðslugetu þess og verðbólga við verðból gumarkmið Seðlabankans?

2014: Fjórði ársfjórðungur

- Hvert telur þú vera verðbólguáhættuálag á skuldabréfamarkaði um þessar mundir? Spurt til eins, tveggja og fimm ára.